

**Sp.**

**468. Tillaga til þingsályktunar**

[236. mál]

um lagahreinsun og árlegt lagasafn.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa laganefnd samkvæmt lögum 48/1929 og fela henni að gera skrá yfir öll lög, sem þegar hafa gegnt hlutverki sínu og hafa ekki lengur raunhæfar þýðingar. Ríkisstjórn skal síðan leggja fyrir Alþingi frumvörp um að nema þessi lög úr gildi, svo að það megi verða áður en næsta lagasafn verður gefið út.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gefa framvegis út árlega skrá yfir ný lög, breytt lög og brottfallin, og verði þeim skipað í bálka á sama hátt og í lagasafni með efnisyfirliti og skrá um atriðisorð.

#### Greinargerð.

Lagasafn, opinber skrá yfir öll íslensk lög, er gefið út sem næst einu sinni á áratug. Síðast kom það út 1974 og náði til gildandi laga 1. október 1973. Dregur því senn að nýrri útgáfu.

Með tillögu þessari er farið fram á að Alþingi álykti að gera tvær veigamiklar umbætur á útgáfu lagasafns. Hin fyrri er um allsherjar lagahreinsun og hin síðari um útgáfu árlegs viðauka við lagasafn.

Í lagasafni 1973 eru um 1500 lög, en síðan hafa án efa 500—600 bæst við. Þá voru í gildi 48 lagaboð frá árunum 1275—1800 og 112 frá 19. öld. Líklega hafa um 500 lög verið í gildi, þegar lýðveldið var stofnað 1944, en síðan hefur lagasmíð aukist hröðum skrefum.

Fjöldamörg gildandi lög hafa ekki lengur raunhæft gildi, þar eð upphaflegum tilgangi þeirra hefur verið náð eða ný lög hafa verið sett án þess að afnema hin eldri. Er til óhagræðis, að þau standi lengi á lögþóki, og nauðsynlegt, að þau verði afnumin. Ekki fer þetta eftir aldri laganna og mun vera algengara í lagaflóði síðustu ára að lög hafi tímabundið gildi. Ætti Alþingi af sögulegum og þjóðernislegum ástæðum að fara varlega með elstu lögum, enda skipta þau ekki sköpum hvað fyrirferð í lagasafni snertir.

Lagt er til að fela ríkisstjórninni að skipa laganefnd samkvæmt lögum frá 1929, sem því miður hafa ekki verið framkvæmd. Er handhægast að skýra þessa tillögu með því að birta lögum, enda eru þau ekki löng.

Lög um laganefnd nr. 48 14. júní 1929 hljóða svo:

#### 1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn eru skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

#### 2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning lögjafarmála.

#### 3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á lögjöfnum.

#### 4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr rikissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í rikissjóð.

Varla verður um það deilt, að þessi gömlu og vanræktu lög séu til fyrirmyndar. Þau eru um nauðsynleg mál, en stutt og skýr með afbrigðum. Lagasafn hefur komið út sem næst einu sinni á áratug, en ekki á vegum laganefndar, sem mun aldrei hafa verið skipuð. Útgáfa þess hefur verið að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins, en hinir færustu lögfræðingar fengnir til að annast ritstjórn.

Nú er tilvalið tækifæri til að blása lífi í gömul og góð lög með því að skipa laganefnd og láta hana sjá um næsta lagasafn. Jafnframt getur Alþingi íhugað, hvort það vill hafa slíka nefnd til ráðgjafar og aðstoðar við lagasmíð. Ef svo reynist ekki, er ástæða til að fella ofanefnd lög úr gildi með öðrum óþörfum lögum.

Síðari liður tillögunnar er um nýmæli, sem þingmenn hafa varla séð nauðsyn á 1928, að gefa út árlegt safn, þar sem getið verði nýrra laga, breytinga á lögum og niðurfellingar laga. Slík útgáfa hefur nú á dögum augljósa kosti og gæti verið sérstakt bindi, lausblaðaútgáfa eða með öðru móti, sem nýjasta tækni gefur kost á.

Rétt er að geta þess að lokum, að ýmsar tillögur hafa verið bornar fram, sem lúta að þeim atriðum sem hér er fjallað um. Í formála að Lagasafni 1973 nefnir Ármann Snævarr bæði þau efnisatriði, sem þessi tillaga felur í sér, og ekki er langt síðan núverandi fjármálaráðherra Ragnar Arnalds, flutti tillögu um lausblaðaútgáfu á lagabreytingum hvers árs. Var hún samþykkt sem ályktun Alþingis, en hefur ekki verið framkvæmd.